

Borgarleikhúsið

Leikárið 2013-2014



MARY POPPINS

FERJAN

HAMLET

JEPPI Á FJALLI

REFURINN

BL BORGARLEIKHÚSIÐ HRINGFERÐ

HÚS BERNHÖRÐU ALBA

DAGBÓK JAZZ söngvarans

ÓSKASTEINAR

BL 1138



Kæru leikhúsgestir.

Borgarleikhúsið leggur af stað í nýtt ferðalag um hugarheima mannsins með meðbyr síðustu ára í farteskinu. Flugíð heldur áfram á nýju leikári sem er í senn metnaðarfullt, áleitíð og fjórlegt.

Fjölbreytnin hefur sjaldan verið meiri. Við bjóðum upp á stórfenglega klassík með ferskri nálgun. Má þar fyrst nefna grátbroslegan Jeppa á Fjalli sem birtist með glænýrri tónlist frá meistara Megasi. Þá fer á fjalirnar sjálfur Hamlet í nýrri þýðingu þar sem velt er upp grundvallarspurningum um lífið sem öllum kynslóðum er nauðsynlegt að ígrunda. Íslenski leikritun er gert hátt undir höfði, við kynnum ný erlend verk og kraftmiklar stórsýningar eiga sinn sess. Óvenju margar sýningar slógu rækilega í gegn á síðasta leikári og snúa nokkrar þeirra því aftur enda ljóst að í fyrri komust færri að en vildu. Mary Poppins mun því fljúga áfram með okkur á vit töfranna.

Borgarleikhúsið hefur á undanförunum árum lagt mikla rækt við fjölskyldur landsins en það er okkur mikil ánægja að hleypa nú af stokkunum metnaðarfullu fræðslustarfi sem markar tímamót. Markmið okkar er að opna leikhúsið enn frekar fyrir ungu fólki og glæða áhuga á leyndardómum leiklistarinnar. Leikhúsið er mannbætandi, þar gefst okkur tækifæri til að horfast í augu við okkur sjálf, upplifa samkenndina og jafnvel að sjá heiminn í nýju ljósi.

Þá eru það einnig tíðindi að Leikfélag Reykjavíkur heldur á ný í miðbæinn, samhliða starfsemi í Borgarleikhúsinu. Hús Bernhörðu Alba birtist því í Gamla bíói svo hinar fádæma vinsælu sýningar Mary Poppins og Mýs og menn geti haldið áfram á Stóra sviðinu. Hið sögufræga hús lifnar því við á ný með magnaðri stórsýningu Lorca.

Við erum full tilhlökkunar fyrir nýtt leikár og bjóðum þér að taka þátt í töfrunum. Besta leiðin er auðvitað að slást í hóp ellefu þúsund kortagesta og eiga þannig öruggt sæti í allan vetur.

Verið hjartanlega velkomin í Borgarleikhúsið og Gamla bíó.

Magnús Þorsteinsson
leikhússtjóri Borgarleikhússins





SEPT	OKT	NÓV	DES	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚNÍ
	Mary Poppins			Hamlet				Blam!	
	Mýs og menn						Skálmöld		Der Klang...
	Hús Bernhórðu Alba					Furðulegt háttalag hunds um nótt			
	Jeppi á Fjalli			Óskasteinar					
	Jólahátíð með Skoppu og Skritlu						Dagbók jazzsöngvarans		
	Refurinn						Ferjan		
Rautt				Bláskjár					
	Saumur						Hamlet lítli		
Ídí Tímar				ÍDí Norrænn þrileikur					

Leikárið
2013-2014

Ævintýri líkast!

Aldrei hafa fleiri sótt Borgarleikhúsið en á síðasta leikári og kortagestum fjölga enn. Við erum afar þakklát fyrir góðar móttökur og ekki síður fyrir fjölda Grímu-tilnefninga sem listamenn leikhússins fengu síðastliðið vor.



Leikferðir innanlands

Borgarleikhúsið hefur verið ötulit í leikferðum innanlands á síðustu árum. Á síðastliðnu leikári fluttum við þrjár rómaðar sýningar í Hofi á Akureyri. Það voru Grímusýningin *Tengdó*, *Á sama tíma að ári* og *BLAM!*

Nýir leikarar

Nýir leikarar bætast í hóp fastráðinna leikara við Borgarleikhúsið á komandi leikári. Fyrst má nefna hin nýútskrifuðu Hildi Berglindi Arndal og Arnar Dan Kristjánsson. Auk þeirra bætast þau Ólafur Darri Ólafsson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Valur Freyr Einarsson í hópinn.

Borgarleikhúsið í miðbænum

Mary Poppins og *Mýs og menn* snúa aftur á fjallirnar í haust eftir frábært gengi á síðasta leikári. Það var því ekki útlit fyrir að pláss væri til að frumsýna nýja sýningu á Stóra sviðinu í haust. Þar sem metnaður leikhússins felst í því að bjóða upp á glæsilegt úrval fjölbreyttra sýninga, var brugðið á það ráð að leita út fyrir leikhúsið að sýningarstað fyrir haustsýninguna, *Hús Bernhördur Alba*. Ákveðið var að leigja **Gamla bíó** undir sýninguna en húsið á sér langa sögu sem leikhús og óperuhús. Við vonum að leikhúsgestir okkar taki þessu uppbroti vel og njóti sýningarinnar í hinu gamla leikhúsi.

Samstarf við Volksbühne

Næsta vor verður boðið upp á samstarfsverkefni Borgarleikhússins og Volksbühne í Berlín sem er eitt virtasta leikhús Evrópu. Hér er á ferð sýning **Ragnars Kjartanssonar** þar sem hann sækir innblástur í bernskuminningar sínar úr leikhúsinu. Meðhöfundur Ragnars er **Kjartan Sveinsson**, tónskáld og fyrrum meðlimur Sigur Rósar.

Mary Poppins – á nýjum skala

Mary Poppins er án vafa ein stærsta og glæsilegasta uppsetning íslensks leikhúss til þessa og söguleg í margvíslegum skilningi. Uppsett var á yfir 60 sýningar á síðasta leikári og fjölmargir hafa þegar tryggt sér miða á nýju leikári.



Sýningar leikhússins á flugi um heiminn

Faust í uppsetningu Borgarleikhússins og Vesturports var sýnd fyrir troðfullu húsi á virtustu leiklistarhátið Bandaríkjanna, BAM í desember síðastliðnum. *Bastarðar*, samstarfsverkefni Borgarleikhússins, Borgarleikhússins í Malmö, Teater Får 304 og Vesturports var sýnd í Malmö og Kaupmannahöfn síðasta sumar og frumsýnd héraendis um haustið. Vinir okkar í Vesturporti sýna nú eigin uppsetningu á *Hamskiptunum* víða um heim, m.a. í Noregi, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Leikarar Borgarleikhússins á rauða dreglinum


Leikarar Borgarleikhússins hafa verið að gera það gott á rauða dreglinum erlendis. Meðal annarra hefur **Theodór Júlíusson** hlotið fjölda viðurkenninga á kvikmyndahátíðum fyrir leik sinn í *Eldfjalli*. **Ólafur Darri Ólafsson** lék á síðasta leikári í nokkrum stórum verkefnum í Hollywood og **Þorvaldur Davíð Kristjánsson** leikur í haust í *Dracula*.

Dýrmæt viðurkenning

Á nýársdag hlaut **Magnús Geir Þórðarson** Fálkaorðuna fyrir störf sín í þágu íslensks leikhúss og menningarlífs. Magnús hefur stýrt blómlegu starfi Borgarleikhússins frá árinu 2008.

Reumert-verðlaunin

Börkur Jónsson, höfundur glæsilegrar leikmyndar *Bastarða* hlaut hin virtu Reumert-verðlaun í Danmörku fyrir bestu leikmynd leikársins. Árið á undan fékk BLAM! Reumert-verðlaunin sem sýning ársins.




Rannsóknarskýrsla enn í fersku minni

Lestur Borgarleikhússins á Rannsóknarskýrslu Alþingis er enn umtalaður víða um álfur og á síðasta ári tók leikhússtjóri okkar m.a. þátt í ráðstefnu í Lille í Frakklandi þar sem rætt var um þennan sögulega viðburð. Stuttmynd um viðburðinn er nú til með enskum og frönskum texta.

Sirkus og leikhústryllir!

Borgarleikhúsið tók á móti hinu virta sirkusleikhúsi Cirkör í sumar og sýndi marglofaða sýningu þeirra *Wear it like a Crown*. Í vor bauð Borgarleikhúsið í samstarfi við Neander upp á *BLAM!* sem óhætt er að segja að hafi slegið rækilega í gegn héraendis sem erlendis og snýr því aftur á komandi leikári.



Leiðin liggur í Borgarleikhúsið!

Áskriftarkort Fjórar sýningar að eigin vali á aðeins **13.900 kr.**



Miðasala Borgarleikhússins:

568 8000

www.borgarleikhus.is

Opið virka daga frá 10-18 og til 20 sýningardaga.
Um helgar er opið frá 12-20

Leiksyning á nýjum skala
- vinsælasta sýning ársins

Máttarstólpi: Íslandsbanki

Súperkalli fragilistikexpí allíðósam!

Hér er ekkert venjulegt leikverk á ferðinni; sagan er leiftrandi og sjónarspilinu eru engin takmörk sett. Mary Poppins lífgar upp á heimilislífið í Kirsutrjárinni, breytir grárrí Lundúnaborg í litríkt ævintýri þar sem sótarar dansa upp um vegg og loft. Tónlistina þekkja allir, dansatriðin eru stórkostleg og áhorfendur standa á öndinni.



„Bravó!“
MLP, Ftíminn



„Alger þrusa... ég man varla
eftir annarri eins veislu“
SGV, Mbl

„... gríðarlega flott „show“
... fágætlega vel unnin sýning“
JVJ, DV

„Það flottasta sem ég hef séð á
íslensku leiksviði“
PÓH, Djöflaeyjan RUV

Kvikmyndin um Mary Poppins fékk fimm Óskarsverðlaun og er löngu orðin sígild. Söngleikurinn hefur farið sigurför um heiminn frá frumsýningu 2004, rakað að sér verðlaunum og heillað leikhúsgesti á öllum aldri.

Sýningin er sú viðamesta og flóknasta sem Borgarleikhúsið hefur nokkru sinni ráðist í. Alls eru 50 manns á sviðinu og mikill fjöldi á bak við tjöldin. Mary Poppins hlaut einróma lof jafnt áhorfenda sem gagnrýnenda á síðasta leikári og var tilnefnd til átta Grímuverðlauna, m.a. sem sýning ársins.



GRÍMAN 2013

tilnefningar
SÝNING ÁRSINS
LEIKSTJÓRI ÁRSINS
LEIKKONA Í ADALHLUTVERKI
LEIKMYND ÁRSINS
BÚNINGAR ÁRSINS
LÝSING ÁRSINS
HJÚÐMYND ÁRSINS
SÖNGVARI ÁRSINS

Byggt á sögum P.L. Travers og kvikmynd frá Walt Disney | Leikstjórn: Bergur Þór Ingólfsson

Sýningar hefjast á ný í september | Sýnt á Stóra sviðinu

Tónlist og texti: Richard M. Sherman og Robert B. Sherman | Handrit: Julian Fellowes | Ný lög og textar: George Stiles og Anthony Drewe
Meðframleiðandi: Cameron Mackintosh | Upphaflega sett upp af Cameron Mackintosh og Thomas Schumacher fyrir Disney | Sett upp með leyfi Josef Weinberger Limited fyrir Music Theatre International í New York.

Íslenskun á lausu máli og bundnu: Gísli Rúnar Jónsson | Tónlistarstjórn: Agnar Már Magnússon | Danshöfundur: Lee Proud | Leikmynd: Petr Hloušek | Búningar: María Ólafsdóttir | Leikgervi: Árdís Bjarnþórsdóttir | Lýsing: Þórður Orri Pétursson | Hjúð: Thorbjörn Knudsen | Adstoðar-leikstjóri: Hlynur Páll Pálsson | Leikarar: Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Halldór Gylfason, Esther Thalia Casey, Sigrún Edda Björnsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Hallgrímur Ólafsson, Hanna María Karlsdóttir, Valur Freyr Einarsson, Álfrún Örnólfssdóttir, Þórir Sæmundsson, Margrét Eir Hjartardóttir, Theodór Júlíusson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Áslaug Lárusdóttir, Rán Ragnarsdóttir, Grettir Valsson, Patrekur Thor Herbertsson, kór, dansarar Íslenska dansflokksins og fleiri





BORGARLEIKHÚSIÐ

í samstarfi við

ÍSLENSKA DANSFLOKKINN

kynnir nýja uppsetningu á söngleik

Disney og **CAMERON MACKINTOSH**

MARY POPPINS



Máttarstópi: Íslandsbanki

Benni Erlings, Bragi Valdimar og Megas seiða epískan tón-sjónleik

Músík!...

Þetta dregur sig ekki sjálft á talar

Jeppi er drykkjumaður - en hann hefur líka góðar ástæður til að drekka! Hann er kúgaður kotbóndi, arðrændur og smáður auk þess sem konan hans heldur framhjá honum. Þar sem hann liggur brennivinsdauður í drullupolli birtist Baróninn ásamt fylgdarliði. Baróninn er sá sem allt á og öllu ræður en leiðist samt og nú verður Jeppi nýja leikfangið hans. Hvað gerist þegar kotbóndinn heldur að hann sé eitthvað?

Þessi grimmi gamanleikur hefur vakið hrifningu og aðdáun leikhúsgesta síðan hann var fyrst sviðsettur 1722 og nú er komið að okkur. *Jeppi á Fjalli* eftir **Ludvig Holberg** (1684-1754) er löngu orðið sígilt leikrit enda árlegur gestur á sviðum leikhúsa í Evrópu.

Uppsetning Borgarleikhússins er nýstárleg því sýningin er stútfull af nýrri tónlist sem flutt er lífandi í sýningunni. Sjálfur meistari **Megas** semur nýja tónlist og texta við verkið í samstarfi við **Braga Valdimar Benedikt Erlingsson** leikstýrir, **Gretar Reynisson** er höfundur leikmyndar og **Ingvar E. Sigurðsson** fer með hið eftirsóttu hlutverk Jeppa. Óborganlegur kokteill!

„Í alsælu vímunnar get ég vel greint
hið góða sem skapað er og oss meint
sem konsept er lífið ei alfarið illt
en ætti að vera meir vímunni skylt“

Höfundur: Ludvig Holberg | Leikstjóri: Benedikt Erlingsson



Frumskýnt 27. september | Sýnt á Nýja sviðinu

Þýðing: Bragi Valdimar Skúlason | Tónlist og textar: Megas og Bragi Valdimar Skúlason | Leikmynd: Gretar Reynisson | Búningar: Agnieszka Baranowska | Leikgervi: Árdís Bjarnþórsdóttir | Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson | Tónlistarstjórn: Stefán Már Magnússon | Hljóð: Gunnar Sigurbjörnsson | Aðstoðarmaður leikstjóra: Jenný Lára Arnórsdóttir | Leikarar og tónlistarmenn: Ingvar E. Sigurðsson, Bergur Þór Ingólfsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Bergþór Pálsson, Arnar Dan Kristjánsson, Arnmundur Ernst B. Björnsson, Björn Stefánsson, Unnur Birna Björnsdóttir, Stefán Már Magnússon og Þórir Sæmundsson



JEPPI

≡ Á FJALLI ≡



„Sannkallað listaverk“

„Það er harmleikur fólgin í hverri pensilstroku“ sagði Mark Rothko um eigin verk. Hann var einn mikilvægasti málari 20. aldarinnar og tók að sér eitt stærsta verkefni listasögunnar fyrir áður óþekktu upphæð. Þrátt fyrir heiðurinn sækja að honum efasemdir og innri átök brjótast fram í samskiptum hans við unga aðstoðarmanninn Ken. Átökin eru ekki aðeins milli meistara og lærlings heldur fulltrúa nýrra tíma og hins helga konungs myndlistarinnar.

Ólík viðhorf til lífsins takast á og um leið afhjúpast ævi aðstoðarmannsins; sorglegir atburðir fortíðar knýja dyra og átökin hafa óvæntar afleiðingar.

John Logan (f. 1961) hefur skrifað fjölmörg leikrit og kvikmyndahandrit og víða fengið fyrir þau verðlaun og viðurkenningar. *Rautt* hefur sópað til sín verðlaunum um allan heim auk þess sem leikararnir tveir og leikstjórinn fengu tilnefningar til Grímunnar fyrir sýninguna – en Hilmar Guðjónsson hreppti hrossið.

Rautt er gríðarlega vel skrifað leikrit með sterkum persónum, spurningum um lífið og óvæntum afhjúpunum.

Sýningin hlaut fádæma lof áhorfenda sem gagnrýnenda hérlendis, varð að hætta fyrir fullu húsi á síðasta leikari en verður aftur á fjöllum í haust.



„Alvöru listaverk í Borgarleikhúsinu. Stundum gengur allt upp í leikhúsi og *Rautt* er þannig sýning. Snilldarlega vel skrifað – frábær leikur.“

MT, Ftíminn

„Eitt af því sem gerir *Rautt* heillandi er sannfærandi innsýn í heim listamanns. ... Jóhann Sigurðarson er tvímæla laust einn fremsti leikari okkar Íslendinga.“

SGV, Mbl

„Mjög merkilegt ferðalag. Brjálæðislega flott“

Goddur, Djöflaeyjan



„Sýning sem Borgarleikhúsið getur verið stolt af á allan hátt. Faglega unnið listaverk“

ÁRJ, Viðsjá

„Verulega áhugavert leikverk og áhrifamikil sýning.“

SA, tmm



GRÍMAN 2013
LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI
tilnefningar
LEIKSTJÓRI ÁRSINS
LEIKARI ÁRSINS

Höfundur: John Logan | Leikstjórni: Kristín Jóhannesdóttir

Sýningar hefjast á ný í september | Sýnt á Litla sviðinu

Þýðing: Guðrún Vilmundardóttir | Leikmynd og búningar: Helga I. Stefánsdóttir | Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson | Hjóð: Thorbjörn Knudsen
Sviðshreyfingar: Valgerður Rúnarsdóttir | Málverk: Victor Cilia | Leikarar: Jóhann Sigurðarson og Hilmar Guðjónsson





RAIDERS

Sígilt verk Lorca í kraftmikilli nálgun
okkar fremstu listakvenna

Ólgandi ástríður, þrá eftir frelsi og betra lífi

Ekkjan Bernharða Alba fyrirskipar átta ára sorg vegna fráfalls eiginmanns síns og föður dætranna fimm. Hún heldur þeim ásamt aldraðri móður og þjónustustúlkum föngrum í húsi sínu án samskipta við umheiminn. Hún er heimilis- harðstjóri. En þrátt fyrir að ytri aðstæður séu óbærilegar, þá er ekki hægt að bæla tilfinningarnar sem krauma undir niðri. Dæturnar eru allar við það að springa af þrá eftir frelsi, ást og betra lífi. Þegar svo tvær þeirra verða ástfangnar af sama manningnum breyta allar hömlur og tilfinningarnar sjóða upp úr með ófyrirséðum afleiðingum.

Federico García Lorca (1898-1936) er þekktasta og mikilvægasta ljóð- og leikskáld Spánverja á tuttugustu öld. Kvenlýsingar **Lorca** eru engu líkar. *Hús Bernhórðu Alba* er eitt þekktasta verk hans. Það er samið skömmu fyrir borgarastyrjöldina á Spáni og lýsir átökum valds og frelsisþrár, menningar og náttúru, siðsemi og kynhvatar. Valið stendur um frelsið eða dauðann.

Kristín Jóhannesdóttir stýrir hér frábærum hópi listamanna í uppsetningu sem er samtál nútímans við söguvið **Lorca**. Síðustu leik-sýningar Kristínar í Borgarleikhúsinu voru *Beðið eftir Godot* og *Rautt* sem báðar hlutu verðskuldaða athygli og lof.



Höfundur: Federico García Lorca | Aðlögun og leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir



Frumskýnt 18. október | Sýnt í Gamla bíói, Ingólfsstræti

Þýðing: Jón Hallur Stefánsson | **Leikmynd:** Brynja Björnsdóttir | **Búningar:** Þórunn María Jónsdóttir | **Leikgervi:** Árdís Bjarnþórsdóttir | **Sviðs-hreyfingar:** Lovísa Ósk Gunnarsdóttir | **Lýsing:** Þórður Orri Pétursson | **Tónlist:** Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir | **Hljóð:** Ólafur Örn Thoroddsen
Leikarar: Charlotte Böving, Esther Thálía Casey, Hanna María Karlsdóttir, Harpa Arnardóttir, Hildur Berglind Arndal, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Marianna Clara Lúthersdóttir, Nina Dögg Filippusdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson
Kór: Vox feminae | **Kórstjóri:** Margrét J. Pálmadóttir

HÚS BERNHÖRÐU ALBA



„Maður þarfnast þess... að vera með öðrum“

George og Lennie eru farandverkamenn sem flakka saman á milli vinnustaða. Annar er risavaxinn og barnlegur, hinn smáavaxinn en lífsreyndur. Þeir vinna til að lifa af og þrúka en deila saman fjarlægum draumi um betra líf. Það er draumurinn um eigin jörð þar sem Lennie fær að halda kanínur í friði og ró og George getur ræktað jörðina. Þeir hefja vinnu á nýjum stað og skyndilega er draumurinn innan seilingar. En suma drauma þarf að gjalda dýru verði.

Mýs og menn er eitt af helstu meistaraverkum bandarískra bókmennta. Í henni varpar **John Steinbeck** fram spurningum um hvaða mat við leggjum á manneskjuna og hvert gildi hennar er þegar hún virðist ekki vera neinum til gagns. Kvikmyndaútgáfa sögunnar var tilnefnd til fjölda Óskarsverðlauna árið 1939 og ný útgáfa hennar keppti svo um Gullpálmann í Cannes árið 1992.

Verkið var frumsýnt í Borgarleikhúsinu á síðasta ári og fór rakleitt í hjartastað íslenskra leikhúsgesta. Hætta varð sýningum fyrir fullu húsi og verkið snýr því aftur í haust.

„Rosalega flott verk, hélt mér allan tímann,...Ólafur Darri á algjöran stórleik...Mæli eindregið með þessari sýningu.“
IR, RÚV, Djöflaeyjan



„Afburða tök á sigildu efni... frábærlega vel heppnuð“
SGV, Mbl

„Sannar rækilega hvað hefðbundin sviðsetning getur verið áhrifamikil þegar úrvalsgóður texti er leikinn af sönnum listrænum metnaði.“
SA, tmm.is

„Alvöru stórsýning á klassísku verki“
Áp, Fbl



GRÍMAN 2013
LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
tilnefningar
TÓNLIST ÁRSINS

Höfundur: John Steinbeck | Leikstjórn: Jón Páll Eyjólfsson

Sýningar hefjast á ný í október | Sýnt á Stóra sviðinu

Þýðing: Ólafur Jóhann Sigurðsson | Aðstoðarleikstjórn: Jón Atli Jónasson | Leikmynd og búningar: Ilmur Stefánsdóttir | Leikgervi: Margrét Benediktsdóttir | Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson | Tónlist: Davíð Þór Jónsson | Leikarar: Ólafur Darri Ólafsson, Hilmar Guðjónsson, Álfrún Örnólfsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Halldór Gylfason, Theodór Júlíusson, Þróstur Leó Gunnarsson, Valur Freyr Einarsson, Sigurður Þór Óskafsson og Þórir Sæmundsson

MÝS OG MENN





Nú fá allir tækifæri til að blamma!

„Hin fullkomna skemmtun“



Þrír kúgaðir skrifstofumenn sólunda lífi sínu á sorglegustu skrifstofu veraldar undir vökulu auga siðblinds yfirmanns. Í hvert sinn sem hann lítur undan, nýta þeir tækifærið til að „blamma“: Að endurgera uppáhalds senurnar sínar úr hasarmyndum. Þegar yfirmaðurinn fer að „blamma“ með þeim færist fjör í leikinn og við tekur stórhættuleg saga sem leikin er á ógnarhraða og krefst ofurmannlegra átaka.



„Frábær sýning. Einstakur óður til kvikmynda og leikgleði fullorðinna karlmanna.“

VG, Fbl



The Scotsman



The Independent

Þessi nýjasta sýning Kristjáns hefur slegið rækilega í gegn víða um heim, meðal annars hreif hún áhorfendur á Edinborgarhátíðinni í ágúst síðastliðnum. Sýningin hefur hlotið mikið lof og valdi dómnefnd hinna virtu Reumert-verðlauna hana sýningu ársins í Danmörku. Verkið var sýnt sex sinnum í Borgarleikhúsinu fyrir troðfullu húsi við mikinn fögnuð leikhúsgesta, hlaut einróma lof gagnrýnenda og sex Grímutilnefningar. Sýningin snýr aftur næsta vor vegna gríðarlegrar eftirspurnar.

Kristján Ingimarsson hefur þróað sitt eigið líkamstungumál sem samanstendur af látbragðsleik, gamanleik, fimleikum, trúðleik, dansi og leiklist. Ekkert hefðbundið tungumál þvælist því fyrir áhorfendum á sýningum Kristjáns. Tónlistin er áberandi og húmorinn er aldrei langt undan.

„BLAM! er hin fullkomna skemmtun... man ekki eftir að hafa skemmt mér svona vel í leikhúsi. BLAM! kemur áhorfandanum stöðugt á óvart, ilmandi afþreying en þó með ádeilubroddi“

HSS, Mbl



GRÍMAN 2013
SPROTI ÁRSINS
tilnefningar
SÝNING ÁRSINS
LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
DANSHÖFUNDUR ÁRSINS
LEIKMYND ÁRSINS
HLJÓÐMYND ÁRSINS

Höfundar: Kristján Ingimarsson & Jesper Pedersen | Leikstjórn: Kristján Ingimarsson & Simon Boberg

Sýningar hefjast í maí | Sýnt á Stóra sviðinu

Leikmynd: Kristian Knudsen | Hljóðmynd: Svend E. Kristensen og Peter Kyed | Lýsing: Edward Lloyd Pierce
Flytjendur: Kristján Ingimarsson, Didier Oberlé, Lars Gregersen og Joen Højerslev

Sett upp af Neander
í samstarfi við Borgarleikhúsið





Glænýtt verðlaunaverk – spennuþrungið,
reifarakennt og margrætt

Máttarstólpi:



Ertu nógu hræddur?

Samúel og Júlía eru ung hjón sem búa á hrörlegu sveitabýli. Uppskerubrestur ógnar lífsviðurværi þeirra, þau hafa orðið fyrir sárum missi og það ætlar aldrei að hætta að rigna. Kvöld eitt knýr dyra ungur maður, sendur af yfirvöldum vegna gruns um að býli hjónanna sé sýkt af refum. Refurinn er mesti óvinur ríkisins og þegna þess. Í krossferð sinni gegn refunum er manningunum unga ekkert heilagt. Áhugi hans á málinu verður æ persónulegri og við tekur atburðarás sem mun setja mark sitt á líf þeirra allra það sem þau eiga eftir ólífað.

Refurinn er gríðarlega vel skrifað, spennuþrungið verk með hárbeyttum undirtóni. Um leið og spennan í verkinu magnast veltum við fyrir okkur hver refurinn sé og hvort það sé yfirhöfuð ástæða til að óttast?

Refurinn gerði höfundinn **Dawn King** að stjörnu í bresku leikhúslífi. Henni tekst að tvinna saman atburðarás sem heldur áhorfendum í hjartökum um leið og verkið er snilldarlega skrifuð dæmisaga. **Vignir Rafn Valþórsson**, leikstjóri, hefur getið sér gott orð fyrir sýningarnar *Munaðarlaus* og *Lúkas* en leikstýrir nú í fyrsta sinn í Borgarleikhúsinu.



„Áleitnið og áhrifamikið nýtt verk... ber öll einkenni sígilds meistaraverks“

Whatsonstage

„Verk sem gagntekur“

Time Out

„Heillandi dæmisaga um helvíti“

Paul Taylor, Independent

„Sláandi og einstakt verk sem leitar á hugann löngu eftir að maður sér það...“

Guardian



Höfundur: Dawn King | Leikstjórn: Vignir Rafn Valþórsson

Frumskýnt 16. nóvember | Sýnt á Litla sviðinu

Þýðing: Jón Atli Jónasson | Leikmynd og búningar: Sýsta Björnsdóttir | Leikgervi: Margrét Benediktsdóttir | Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson | Tónlist: Frank Hall
Hljóð: Baldvin Þór Magnússon | Leikarar: Arnar Dan Kristjánsson, Hallgrímur Ólafsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir og Tinna Lind Gunnarsdóttir

li

18



REFURINN

Bestu vinkonur barnanna koma okkur í hátíðarskap

Dansandi dádýr, svífandi stjörnur elskulegir englar og nýfallinn snjór

Í aðdraganda jóla halda Skoppa og Skríttla mikla hátíð til að bjóða sjálfan jólasveininn velkominn til byggða. Hann kemur til að aðstoða þær við að fagna hátíð ljóss og friðar og útbúa gjafir fyrir alla góðu vinina og vinkonurnar. Þegar undirbúningur hátíðarinnar stendur sem hæst banka óvæntir gestir upp á. Jólasveinninn er í stökustu vandræðum. Nú reynir á hversu úrræðagóðar Skoppa og Skríttla eru...

Skoppa og Skríttla hafa verið í uppháaldi hjá yngstu kynslóðinni um árabíl, hvort sem er í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tónlist eða leiksýningum. Þær hafa verið áberandi í Borgarleikhúsinu undanfarin ár – en bjóða nú í fyrsta sinn til jólaskemmtunar. Sýningarnar *Skoppa og Skríttla á tímaflakki* og *Skoppa og Skríttla í leikhúsinu* slógu báðar í gegn og hlutu geysigóðar viðtökur.



„Litríkir boðberar kærleika og gleði“
SG, Mbl, 2013

„Skoppa og Skríttla eru bestu vinir yngstu barnanna og það er ekki nema von. Þær skilja hvað þau vilja og gefa þeim það í formi tónlistar, gleði og hláturs“
HL, Mbl, 2007

„Framlag Skoppu og Skríttlu til barnamenningar er bæði þarft og kærkomið“
HL, Mbl, 2007

„Til að kóróna allt saman virtust þær Skoppa og Skríttla ná að tala við hvert einasta barn á sýningunni“
IML, Mbl, 2005



Höfundur: Hrefna Hallgrímsdóttir | Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson

Hentar börnum frá níu mánaða aldri

Frumstýnt 16. nóvember | Sýnt á Nýja sviðinu

Leikmynd: Ólafur Jónasson | Búningar: Gunnhildur Stefánsdóttir | Lýsing: Garðar Borgþórsson | Tónlist: Hallur Ingólfsson
Myndvinnsla: Bragi Þór Hinriksson | Leikarar: Linda Ásgeirsdóttir, Hrefna Hallgrímsdóttir, Vigdís Gunnarsdóttir, Viktor Már Bjarnason ásamt hæfileikaríkum börnum úr Sönglist, Ballettskóla Eddu Scheving og fimleikafélögum Gróttu og Fylkis

Jólahátid

Skoppu & Skritlu



Frægasta leikrit allra tíma í meðförum okkar fremstu listamanna

Máttarstólpi: **vís**

Ný kynslóð, nýir tímar, nýr Hamlet

Það eru viðsjárverðir tímar. Þjóðir vígbúast. Herlið eru á hreyfingu. Við skyndilegt fráfall Danakonungs hefur Danmörk fengið nýjan konung. Sá er bróðir hins látna og hann hefur tekið sér ekkjuna Gertrude, móður Hamlets, fyrir eiginkonu. Þegar grunsemdir vakna hjá Hamlet Danaprins hefur hann rannsókn á láti föður síns og verður skyndilega ógn við öryggi ríkisins. Hamlet leitar sannleikans og átökin magnast þar sem fjölskyldan og ríkið skelfur.

Hamlet er mest leikna leikverk allra tíma en það hefur verið sviðsett fimm sinnum á Íslandi. Fyrstur Íslendinga til að leika prinsinn var **Lárus Pálsson** árið 1949. **Gunnar Eyjólfsson** lék hann árið 1963 og næstum aldarfjórðungi síðar eða árið 1987 fór **Þróstur Leó** með hlutverkið í lönó. **Hilmir Snær** var Hamlet árið 1997 og loks **Ivar Örn Sverrisson** í uppfærslu LA árið 2002.

Ólafur Darri Ólafsson er einn af okkar albestu leikurum. Hann hreif hug og hjörtu leikhúsgesta sem Lennie í *Músum og mönnum* á síðasta leikári og hlaut fyrir það Grímuna en auk þess hefur hann tekist á við stór kvikmyndaverkefni í Bandaríkjunum að undanfögnu. Teymi listrænna stjórnenda Hamlets er leikhúsgestum Borgarleikhússins að góðu kunnt því þar fer sami flokkur og færði okkur *Mýs og menn* með leikstjórnann **Jón Pál Eyjólfsson** í broddi fylkingar.



Höfundur: William Shakespeare | Leikstjórn: Jón Páll Eyjólfsson

Frumskýnt um áramót | Sýnt á Stóra sviðinu

Þýðing: Jón Atli Jónasson | Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir | Búningar: María Ólafsdóttir | Leikgervi: Árdís Bjarnþórsdóttir | Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson | Tónlist: Úlfur Eldjárn | Hjóð: Baldvin Þór Magnússon | Leikarar: Ólafur Darri Ólafsson, Hilmir Jónsson, Jóhanna Vígdís Arnardóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Hilmar Guðjónsson, Hildur Berglind Arndal, Jóhann Sigurðarson, Sigurður Þór Óskarsson og Halldór Gylfason.

SHAKESPEARE

HAMLET

ÓLAFUR DARRI

Að fanga augnablik eilífðarinnar



Leikstjóramir Kristín Jóhannesdóttir, Kristín Eysteinsdóttir og Jón Páll Eyjólfsson létu til sín taka á síðasta leikári í Borgarleikhúsinu. Þau undirbúa nú öll áhugaverðar sýningar fyrir nýtt leikár. Kristín Jóhannesdóttir setur á svið *Hús Bernhörðu Alba*, eftir Federico García Lorca, í Gamla bíói. Nafna hennar leikstýrir *Ferjunni*, nýju leikriti eftir Kristínu Marju Baldursdóttur og Jón Páll tekst á við sjálfan *Hamlet* eftir William Shakespeare.

Leikstjórnarnir þrír ræða hér við Þórarin Þórarinsson, blaðamann, um leitina að hinum undursamlegu augnablikum sem aðeins eru í leikhúsi og drífa þau áfram.

Leikritin sem þau fást við á leikárinu eru ólík enda frá ýmsum tímum. Viðfangsefnin eru þó í grunninn þau sömu. Þau eru alltaf að leita. „Mér finnst það merkilega við leikhúsið að þar upplifir maður einhvern rauntíma og heim en líka innri veröld,“ segir Kristín Jóhannesdóttir. „Þessi samræða ytri og innri veruleika er svo mikilvæg. Mér finnst mikilvægast að leita að sannleika með nýrri skynjun. Þetta gerist hvergi nema í leikhúsi. Þetta er eitthvað sem hefur djúpar rætur í okkur. Ég held að ferða-

lagið skipti meira máli en áfangastaðurinn. Þessi leit að sannleika eða niðurstöðu er kjarninn. Þetta er leikhúsið.“

Að týna sér í leitinni

Kristín Eysteins tekur í sama streng: „Hópur byrjar með rannsóknarspurningu og fer svo í leit án þess að vita niðurstöðuna. Mér finnst stórkostlegt að upplifa þegar hópnun tekst að miðla einhverjum kjarna og búa til eitthvað sem hefur áhrif á fólk.“

Það gerist ýmislegt á æfingatímanum og þegar tjaldið er dregið frá á frumsýningu er langferð að baki. „Margt gerist sem ratar aldrei í sýningu.“

Kristín Jóhannesdóttir grípur þetta á lofti: „Ég hef tröllatrá á leikaranum. Það sem hann hefur gengið í gegnum á æfingatímanum. Það eru í raun rannsóknarstörf unnin á æfingum. Því er varpað út í salinn og áhorfendur skynja það

sem leikarinn hefur gengið í gegnum.“
Jón Páll hrífst einnig að leitinni en er ekki síður fyrir að týnast á leiðinni. „Á bak við hverja leiksýningu liggja ótal mörg öngstræti. Þau leiða okkur oft á skemmtilega staði. Þá dregur maður einhvern lærdóm af og svarar jafnvel spurningum sem var ekki lagt upp með. Það eru forréttindi að fá að starfa í þessu fagi.“

Borgríkið við Listabraut

Þegar talið berst að tilraunastofunni sjálfri, Borgarleikhúsinu, er auðheyrð að leikstjórnarnir fá allt sem þeir þurfa til þess að stunda rannsóknir sínar við kjóraðstæður. Þau eru sam-mála um að starfsandinn í húsinu sé einstakur. „Hér ríkir mikill liðsandi“, segir Jón Páll.

„Hér er rými fyrir hugmyndir og allir geta komið með tillögur“, segir Kristín Eysteins. „Ég held að þetta sé best svona, enda liður öllum vel.“

„Hér hafa allir rödd, hver borgari“, skýtur Jón Páll inn í. „Þetta er eiginlega borgríki.“

„Svo eru auðvitað átök í listrænu vinnunni“, heldur Kristín áfram. „En það eru góð átök og skila miklu.“

„Fólk gerir sér grein fyrir að við erum að vinna með öflugan hlut, samkenndina“, heldur Jón Páll áfram. „Það er mikilvægt atriði að vekja samkennd. Þar er leikhúsið gott tæki. Við setjum okkur í spor annarra og við vitum að það er ekki bara krúttlegt og kósi. Aflið að baki samkenndinni er afl mestu breytinga í mannkynssögunni. Hér inni er samstarfssamkennd og allir ræða hlutina.“

Kristín Jóhannesdóttir er nú enn einu sinni að leikstýra í Borgarleikhúsinu og líkar vel. „Það sem kom mér á óvart er þessi sterka tilhneig-ing til að halda uppi samtali við alla. Það er algjört forgangsatríði í mínu starfi. Það smitar inn í leiksýningar og skilar árangri. Strax og þú mætir færðu byr undir vængi og flugfjaðrirnar fá að njóta sín. Hér er mikil samkennd, metnaður og vinnugleði.“

Kristín Eysteins telur þennan góða anda ekki síst ríkja vegna þess að allir starfsmenn hússins láta til sín taka í verkefnavalínu. „Við skoðum ótrúlega mörg leikrit hérna á hverju ári og margir leikarar og starfsmenn eru að lesa og koma með athugasemdir, tillögur og hugleiðingar þannig að margir hafa áhrif á hvað er að fara upp á næsta ári“, segir Kristín og bætir við að þetta jafnræði sé mikilvægt. „Það skiptir máli að margir hafi mótandi áhrif á listræna stefnu hússins og þetta er grunnur-inn að því að reka gott leikhús. Sterkur starfsmannahópur sem hefur áhrif og eitthvað að segja og hlustað er á.“

Listin að kunna að segja já og nei

Leikstjórnarnir eru sammála um að þeir verði að finna knýjandi þörf til þess að setja verk á svið. Annars sé betra að afþakka og þá sé mikilvægt að kunna að segja nei.

„Ég hef haft þá stefnu að geti ég ekki svarað

því af hverju þetta verk ætti að fara á svið, þá sé best að láta það eiga sig. Þetta getur verið gott verk en ef ég get ekki svarað þessum spurningum er best fyrir mig að leggja ekki í það. Við viljum hefja samtal og reynum að velja það sem er árið-andi.“ segir Jón Páll.

Kristín Eysteins er á sama máli og segir mikilvægt að leikstjórinn virði eigin mörk. „Í Borgarleikhúsinu höfum við þá vinnureglu að við segjum alltaf já og hugmyndir eru gripnar á lofti. Með þeim hætti gefum við hugmyndum vængi. En maður verður líka að geta afþakkað verkefni sem höfða ekki til manns. Það getur hentað öðrum að setja þau verk upp. Ég hef oft upplifað það við lestur leikrits að klæja í fingurna og þá berst maður fyrir því setja það upp. Hjá mér ræðst þetta stundum af forminu og stundum af innihaldinu. Það versta sem maður gerir er að segja já við einhverju sem maður er ekki tilbúinn í. Það kemur niður á öllum.“

Kristín Jóhannesdóttir tekur heils hugar undir þetta. „Í þessari smáu veröld sem við búum í biða verkefni ekki í röðum eftir manni en síðan loks þegar þau berast þarf maður samt að hafa kjark til þess að afþakka ef þau henta manni ekki.“

Augnablikið eilífa

Leiksýningar eru í núinu. Þær fara fram á ákveðnum stað á ákveðnum tíma og þegar tjaldlið fellur er augnablikið horfið inn í eilífðina en lifir þar áfram um ókomna tíð. Þessi þversögn leikhússins heillar þremmenningana.

„Það er mest spennandi við leikhúsið“, segir Kristín Jóhannesdóttir. „Stundin. Augnablikið sem hverfur út í eilífðina. Fyrir leikhóp eða leikara er magnað að standa á sviðinu í augnablikinu, vitandi að það kemur aldrei aftur. Engar tvær sýningar eru eins og það er ekkert endanlegt í leikhúsi.“

„Enda heldur sýningin áfram að þróast“, bætir Kristín Eysteins við. „Það er ótrúlega gaman að fylgjast með því hvernig leikarar gera sýninguna að sinni og svo verður hún oft betri og betri.“

Jón Páll stekkur á þessar vangaveltur. „Við erum ekki jafn þjökuð af mikilmennskubrjálæði eins og sumir halda í órum sínum um leikstjóra. Mér hefur aldrei fundist að ég eigi sýningu. Við settum hana upp saman. Við tökum listrænar ákvarðanir en þú getur ekki átt neitt sem varir aðeins augnablik. Kannski hljómar það kjánalega en þú þarft að sleppa takinu og svo lifa sýningarnar í minningunni.“ Kristín Eysteins nær orðinu og þegar hér er komið eru leikstjórnarnir komnir á flug. „Ég



held að þetta sé hluti af því að þroskast í vinnu sinni. Ég er enn mjög ung í þessu fagi og þegar ég var að byrja vildi maður hafa stjórn á öllu. Það var ekki mikið pláss fyrir hugmyndir“, heldur Kristín Eysteins áfram. „Ég hélt að svona ætti þetta að vera, en nú vinnur maður allt öðruvísi. Traust er lykilatriði og að vera í góðu flæði

með listafólkinu sem þú ert að vinna með. Þetta kemur smám saman.“

Kristín Jóhannesdóttir tengir þetta aftur við líkinguna um tilraunastofuna. „Ekki vera með allar dyr lokaðar þegar farið er af stað, því leikhúsið þarf að vera á staðnum þegar hið óvænta gerist... Og fanga það. Það er spennandi við leikhúsið. Hið ófyrirséða. Mér finnst alltaf gott að vera með plan en vera samt eins og skæruliði, tilbúin í blóðugar breytingar ef svo ber undir. Það eru oft fallegustu augnablikin í sýningunum.“

Vin í stafrænum heimi

Það er ekki síst með samtali fortíðar, nútíðar og framtíðar ásamt endalausum tilraunum á manninum í leikhúsinu sem það heldur gildi sínu í sibreytilegum heimi. „Hefur leikhúsið enn tilgang?“ segir Jón Páll. „Tilgangurinn er meðal annars alveg tvímælaust að selja miða og aðsóknin er í góðu lagi. Það vantar ekkert upp á það því fólk streymir í leikhúsið sem aldrei fyrr. Leikhúsið er þess eðlis að þú þarft að koma á ákveðnum tíma, jafnvel hafa þig til, finna stæði og biða eftir því að sýningin hefjist. Fólk kemur samt. Ég held að það sé skýrasta dæmið um að við séum í sambandi um eitthvað sem er áriðandi. Ég held að við séum í virku sambandi við fólk í landinu.“



Grátt gaman með ógæfufólki á leikskóla

Illá skipulagt rán í smábæ misheppnast hrapallega. Dæmigert íslenskt klúður. Á flóttanum leita ræningjarnir skjóls í mannlásum leikskóla og bíða fjórða félagans sem er horfinn á bílnum. Hópurinn hefur tekið gísl á flóttanum, eldri konu sem varð vitni að ráninu. Fram eftir nóttu stytta þau sér stundir innan um barnaleikföng en þegar birta fer af degi fer órvæntingin og ósættið innan hópsins að ágerast og ókunna konan afhjúpar sín eigin leyndarmál.

Ragnar Bragason þreytti frumraun sína í leikhúsi í fyrra þegar hann skrifaði og leikstýrði *Gullregni* í Borgarleikhúsinu. Sýningin sló ræki-lega í gegn. *Gullregn* hlaut átta tilnefningar til Grímunnar 2013 og Ragnar hlaut Grímuna sem leikstjóri ársins. Sami hópur listrænna stjórnenda færir okkur *Óskasteina* þetta leikárið. Harmræn hlýja og húmor einkenna verk Ragnars eins og fyrri verk hans bera glögg merki, t.a.m. *Börn*, *Foreldrar*, *Næturvaktin*, *Dagvaktin*, *Fangavaktin*, *Bjarnfreðarson* og nú síðast *Málmhaus*.

Úr dómum um Gullregn:

„...bráðfyndið en samt svo einlægt í annarleika sínum að það er hálf óþægilegt að hlæja að því“

Ab, Fbi

„Spennandi verk um hluti sem skipta máli“

SGV, Mbi

„Virkilega gott. Spilar á allan tilfinningaskalann. Listilega vel gert“

Ólafur Stephensen, Djöflaeyjan

„Frábært stykki. Meiriháttar sýning“

Yrsa Sigurðardóttir, Djöflaeyjan

„Gróteskur gamanleikur, verulega fyndinn, með óhugnanlegum undirtóni“

SA, tmm.is

Höfundur og leikstjórn: Ragnar Bragason



Frumstýnt í lok janúar | Sýnt á Nýja sviðinu

Leikmynd: Hálfán Pedersen | Búningar: Helga Rós V. Hannam | Leikgervi: Margrét Benediktsdóttir | Lýsing: Þórður Orri Pétursson | Tónlist: Mugison | Hjóð: Thorbjörn Knudsen
Leikarar: Kristín Þóra Haraldsdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Þróstur Leó Gunnarsson og Hallgrímur Ólafsson

ÓSKASTEINAR

RAGNAR BRAGASON



Tyrfingur er kominn til að vera

Fyrsta leikrit í heimi sem gerist í Kópavogi

Þrjú systkini láta sig dreyma um að gefa út íslenska skvísúsbók með vampírum, finna rétta leigubílstjórann á einkamál.is og að fjölga mannkyninu fyrir mannkynið. Þau eru að verða of sein í jarðarförina hans þegar blá ruslatunna frá Kópavogsbæ birtist á stofugólfinu heima hjá þeim. Hvernig jarðar maður sjarmerandi húnasta og kemur einhver í svona ömurlega erfidrykkju?

Þegar bláa ruslatunnan var kynnt til sögunnar í Kópavogi fyrir nokkrum árum upphófust ritdeilur í blóðunum. Einhver gekk svo langt að tala um blóðuga byltingu bláu tunnunnar og fasisma í Kópavogi. Bláskjár er verk um fólk sem tapar áttum í byltingu blárrar tunnu og vill komast út.

Tyrfingur Tyrfingsson lauk BA námi í Fræðum og framkvæmd við Listaháskóla Íslands árið 2010 og stundaði svo MA nám í Writing for Performance við Goldsmiths, University of London. Hann hefur áður skrifað *Grande* og *Skúrinn á sléttunni* sem var frumsýnt í Borgarleikhúsinu síðastliðið vor ásamt tveimur verkum ungra leikskálda undir samheitinu *Núna!* Tyrfingur hlaut tilnefningu til sprotaverðlauna Grímunnar árið 2012 og er nýráðið leikskáld Borgarleikhússins.

Ella: Þú tekur bara súkkulaði... og hérna tvær sneiðar af heimilisbrauði og setur nammið í miðjuna og býrð til samloku. Og þetta mun vera svokölluð kaka.

Valter: Já, jú. Ég ætla að hengja mig

Ella: Svo bara í örbylgjuofninn í... hvað, 45 mínútur?

Valter: Já, eða hausinn inn í örbylgjuofn...

Ella: Já. Og þá er þetta þú veist heit súkkulaðikaka!

Valter: Frönsk súkkulaðikaka.

Ella: Kópavogssúkkulaðikaka.

Valter: Já, ég gæti kæft mig með svoleiðis.



Höfundur: Tyrfingur Tyrfingsson | **Leikstjórn:** Vignir Rafn Valþórsson

Frumskýnt í byrjun febrúar | Sýnt á Litla sviðinu

Leikmynd og búningar: Brynja Björnsdóttir | **Leikgervi:** Árdís Bjarnþórsdóttir | **Tónlist:** Högni Egilsson
Leikarar: Arndís Hrönn Egilsdóttir, Hjörtur Jóhann Jónsson og Víkingur Kristjánsson

Samstarfsverkefni Borgarleikhússins og Óskabarna ógæfunnar



BLÁSKJÁR

eftir Tyrfing Tyrfingsson

Ótvíræður sigurvegari á merkustu leiklistarhátíð Breta

Máttarstólpi: Íslandsbanki

Hjartnæm spennusaga um leit að sannleikanum

Christopher er fimmtán ára stærðfræðiséní. Þegar hundur nágrannans finnst dauður einn morguninn ákveður hann að komast að því hvað býr að baki. Í rannsókninni kemst Christopher á snoðir um dularfull bréf sem tengjast fjölskyldu hans. Við tekur hættuför til borgarinnar sem hefur í för með sér óvæntar afleiðingar og umturnar lífi hans svo um munar. Við fylgjumst með því hvernig einstökum dreng reiðir af í heimi fullorðna fólksins, sjáum spegilmynd hins venjulega í augum hins óvenjulega. Verkið er í senn spennandi morðsaga og þroskasaga ungs drengs á jaðri samfélags - sérstakt, hlýlegt og fyndið og lætur engan ósnortinn.

Leikrit **Simon Stephens** byggir á samnefndri skáldsögu Mark Haddon. Bókin vakti mikla athygli þegar hún kom út og hlaut öll helstu bókmenntaverðlaun þess árs.

OLIVIER AWARDS *Furðulegt háttalag hunds* um nótt var ótvíræður sigurvegari sviðslistaverðlauna Breta, *Olivier Awards* í ár. Þar hlaut sýningin alls sjö verðlaun, þá.m. sem besta sýningin og besta leikritið. Engin sýning hefur áður hlotið fleiri verðlaun á þeirri hátíð enda nýtur hún gríðarlegrar hylli í London og er enn sýnd fyrir smekktullu húsi.

Listrænir stjórnendur sýningarinnar unnu mikið saman á gullaldarárum Hafnarfjarðarleikhússins en þeim bætist nú liðsauki í Lee Proud, danshöfundinum frábæra sem stýrði einstökum dansatriðum *Mary Poppins* í fyrra.



„... mögnuð myndlíking fyrir utan-
garðsmanninn í okkur öllum“
Independent



„...hjartnæm og snjöll leikgerð á
rómaðri skáldsögu Mark Haddon“
Evening Standard



„Fjandi fannst mér erfitt að horfa
á það – og ekki vegna þess að það
væri slæmt heldur vegna þess að
það var svo ferlega gott“
Daily Mail



Höfundur: Simon Stephens, byggt á skáldsögu Mark Haddon | Leikstjórn: Hilmar Jónsson

Frumskýnt í lok febrúar | Sýnt á Stóra sviðinu

Þýðing: Guðrún Vilmundardóttir | Leikmynd: Finnur Arnar Arnarsson | Búningar: Þórunn María Jónsdóttir | Leikgervi: Margrét Benediktsdóttir
Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson | Myndvinnsla: Petr Hloušek | Tónlist: Frank Hall | Titillag: Ásgeir Trausti | Hjóð: Thorbjörn Knudsen
Danshöfundur: Lee Proud | Leikarar: Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Bergur Þór Ingólfsson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
Nína Dögg Filippusdóttir, Jóhann Sigurðarson, Arnar Dan Kristjánsson, Sigurður Þór Óskarsson og Marianna Clara Lúthersdóttir





FURÐULEGT
HÁTTALAG
HUNDS ^{UM}
NÓTT

Hver stýrir þessu skipi?

Fimm íslenskar konur og þrjú karlar eru stödd erlendis. Allt þetta fólk á brýnt erindi til Íslands en þar sem flugsamgöngur liggja niðri sökum eldgoss neyðast þau til að sigla heim með ryðguðum dalli sem er í sinni síðustu ferð. Þegar fólk þ kemur um borð kemur í ljós að ýmislegt er öðruvísi en búist var við. Konunum er troðið saman í litla káetu á meðan karlmennirnir fá aðstöðu á rúmgóðum bar þar sem þeir spila tónlist og skemmta sér. Eftir nokkrar vangaveitur ákveða konurnar að taka málin í sínar hendur. Óvænt atburðarás er í uppsiglingu.

Kristín Marja Baldursdóttir hefur verið í hópi vinsælustu rithöfunda landsins undanfarna áratugi. Meðal hennar þekktustu og vinsælustu verka eru *Karítas án titils*, *Óreiða á stríga*, *Mávahlátur* og *Hús úr húsi*. Hún er leikskáld Borgarleikhússins og hér er fyrsta leikverk Kristínar á ferðinni.

Kristín Eysteinsdóttir leikstýrir hér einvala liði leikara. Hún er fastráðinn leikstjóri við Borgarleikhúsið og hefur leikstýrt fjölda verka við góðan orðstír, til dæmis *Svar við bréfi Helgu* og *Fólkið í kjallaranum*.



Höfundur: Kristín Marja Baldursdóttir | **Leikstjórn:** Kristín Eysteinsdóttir

Frumskýnt í lok mars | Sýnt á Litla sviðinu

Leikmynd: Vytautas Narbutas | **Búningar:** Stefánía Adolfsdóttir | **Leikgervi:** Árdís Bjarnþórsdóttir | **Lýsing:** Þórður Orri Pétursson | **Tónlist:** Hallur Ingólfsson | **Hljóð:** Baldvin Þór Magnússon | **Leikarar:** Unnur Ösp Stefánsdóttir, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Hildur Berglind Arndal, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Halldór Gylfason, Guðjón Davíð Karlsson og Hilmar Guðjónsson

KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR

FERJAN



Shakespeare fyrir alla fjölskylduna

Hvernig er að vera eða vera ekki Hamlet litli?

Þegar Hamlet litli missir föður sinn er hann harmi sleginn og fer að haga sér stórfurðulega. Ekki batnar það þegar mamma hans ætlar örfáum dögum eftir útförina að giftast bróður pabba hans - og bróðirinn hefur örugglega eitthvað óhreint í pokahorninu. Óbærilegt verður þó ástandið þegar bestu vinir hans eru fengnir til að njósna um hann. Þau halda öll að hann sé að fara á límingunum. En hver myndi ekki fá að minnsta kosti vægt taugaáfall við þessar aðstæður?

Bergur Þór Ingólfsson, leikstjóri *Galdrakarlans í Oz* og *Mary Poppins*, færir þennan risastóra harmleik á Litla sviðið þar sem sjónarhorni hins litla Hamlets verður beint að áhorfendum. Sorgin yfir föðurmissi, óttinn við að missa móður og brostið traust til vina. Eitt þessara áfalla ætti að vera nóg til að trufla tilfinningalíf fullorðinnar manneskju, hvað þá ungrar sálar. Hér verður þó leikið á als oddi. Hugarheimur barnsins býr yfir ótal verkfærum til að takast á við áföll, sorgir og jafnvel stríð. Það gerir leikhúsið líka.

Bergur fær til liðs við sig tónlistarkonuna **Kristjönu Stefánsdóttur** en þau áttu einmitt ógleymanlegt samstarf í *Galdrakarlinum í Oz* sem og verðlaunasýningunni *Jesú litla* sem hefur verið reglulegur gestur á Litla sviðinu um jólin undanfarin ár.



Höfundar: Bergur Þór Ingólfsson og hópurinn | **Leikstjórn:** Bergur Þór Ingólfsson

Tónlist: Kristjana Stefánsdóttir | **Hljóð:** Ólafur Örn Thoroddsen | **Lýsing:** Garðar Borgþórsson
Leikarar: Sigurður Þór Óskarsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Kristjana Stefánsdóttir

Frumskýnt í byrjun apríl | Sýnt á Litla sviðinu

HAMILET

LITLI



Rokkið tekur yfir Borgarleikhúsið!

Máttarstópi:  MALTEXTRAKT

Þungarokks- leikhús sem drífur upp í ellefu

Þungarokkararnir í Skálmöld ætla að henda leikmyndunum út af Stóra sviði Borgarleikhússins, rífa gat á búninginn hjá leikurunum og hækka í Marshallmögnum. Skálmöld og listafólk Borgarleikhússins taka höndum saman og magna upp norrænan seið með vænum skammti af þungarokki maríneruðum í leikhúsinu. Sagan er Baldur, sem Skálmöld rakti svo listilega á samnefndum diskum sveitarinnar og gerði hálfu þjóðina að þungarokkurum.

Hljómsveitin **Skálmöld** hefur vakið mikla athygli og aðdáun fyrir plötur sínar, *Baldur* og *Börn Loka* sem sækja innblástur í þungarokk annars vegar og norrænar goðsögur hins vegar. Plöturnar mynda hvor um sig eina heild, lögin og textarnir eru samhangandi saga og textarnir allir kyrfilega ortir samkvæmt íslenskum bragarháttum. Hljómsveitin hélt útgáfutónleika í Háskólabíói við gríðarlega góðar undirtektir og sérstaka athygli vakti leikrænn og sjónrænn þáttur tónleikanna.



Höfundar: Skálmöld og leikhópurinn | Leikstjórn: Halldór Gylfason

Frumskýnt í lok mars | Sýnt á Stóra sviðinu

Lýsing: Þórður Orri Pétursson | Flytjendur: Björgvin Sigurðsson, Baldur Ragnarsson, Gunnar Ben, Jón Geir Jóhannsson, Snæbjörn Ragnarsson, Þráinn Árni Baldvinsson, Guðjón Davíð Karlsson, Hilmar Guðjónsson og Hildur Berglind Arndal

Skálmöld

BALDUR



Nýtt verk frá þeim sem færðu okkur Tengdó,
Grímusýningu ársins 2012

Ástin, dauðinn, brostnir draumar ...og allur sá djass

Haraldur hefur að eigin sögn margoft naumlega sloppið við dauðann. En eftir símtal læknisins bendir allt til þess að hann sleppi ekki í þetta sinn. Það er ekki seinna vænna að gera upp sín mál, verða almennileg manneskja. Óvænt bréf úr fortíðinni verður til þess að hann tekur ákvörðun um að dusta rykið af djass-söngvaranum sem hefur legið í dvala í áratugi. „Nú geri ég hreint fyrir mínum dyrum.“ Stórhreingerning ævinnar er á næsta leiti. Nýja heimilishjálpin hefur aldrei lent í öðru eins.

Dagbók Jazzsöngvarans er saga um samhengi kynslóða. Hvernig sársauki einnar kynslóðar flyst yfir á þá næstu. Hvernig sársauka-keðjan slitnar ekki nema hún sé rofin. Þetta er saga um baráttu við ósýnilegt mein, um ást, missi, vináttu og ekki síst þakklæti.

Sýningin er sett upp af Common Nonsense í samstarfi við Borgarleikhúsið en það samstarf gat af sér *Tengdó* sem fékk Grímuna sem sýning ársins 2012 og sópaði til sín helstu verðlaunum hátíðarinnar það árið.

Úr dómum um Tengdó, Grímusýningu ársins 2012



„Þetta er sýning sem þið megið alls ekki missa af, því að hún varðar okkur öll, bæði sem Íslendinga og sem manneskjur“

JVJ, DV



„Unnið af ást, virðingu og umhyggju“

EB, Fbl

Höfundur: Valur Freyr Einarsson | Leikstjórn: Jón Páll Eydólfsson

Frumstýnt í apríl | Sýnt á Nýja sviðinu

Leikmynd og búningar: Ilmur Stefánsdóttir | Tónlist: Davíð Þór Jónsson | Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson
Hljóð: Thorbjörn Knudsen | Leikarar: Valur Freyr Einarsson og Kristbjörg Kjeld

Samvinnuverkefni Borgarleikhússins
og CommonNonsense

DAGBÓK

JAZZ

söngvarans



Myndlistarverk fyrir svið eftir Ragnar Kjartansson með tónlist eftir Kjartan Sveinsson

Engir leikarar, enginn texti, engin saga

Hvaða leiðum býr leikhús yfir til þess að hrífa áhorfendur ef enginn leikari stígur á stökk? Þegar enginn texti er fluttur og eftir stendur aðeins framvinda hljóðs og myndar? **Ragnar Kjartansson** ólst að miklu leyti upp í leikhúsinu þar sem foreldrar hans starfa báðir. Hann minnst þess einkum þegar leikarar voru fjarverandi og tæknirensli fóru fram á sviðinu. Mikilfenglegar ljósabreytingar, leikmyndir og tónlist fengu óskipta athygli. Þessar bernskustundir úr lönó eru Ragnari innblástur að nýrri sýningu sem hann gerir fyrir hið virta Berlínarleikhús Volksbühne og Borgarleikhúsið. Verkið verður frumsýnt í Berlín í febrúar og í Borgarleikhúsinu á Listahátíð í Reykjavík í maí. Leikhúsverk sem hróflar við hefðbundinni dramatískri framvindu og samanstendur einungis af leikmynd, ljósum, tónlist og mikilli rómantík!

Ragnar Kjartansson er einn af þekktustu listamönnum þjóðarinnar. Í myndlist sinni leitar Ragnar fanga í ólíkum listformum. Að þykjast og sviðsetja eru veigamiklir þættir í listrænni tilraun hans til að miðla tilfinningum af einlægni og veita áhorfendum ósvikna upplifun. Verk hans eru gáskafull um leið og þau eru harmræn. Ragnar hefur tvisvar tekið þátt í hinum virta Feneyjatvíæringi. Verk hans hafa meðal annars verið sýnd í MoMA í New York og Carnegie Museum of Art.

Kjartan Sveinsson er lýrískt tónskáld og verk hans eru hylðýpi tilfinninga. Hann hefur um árabil samið tónlist með hljómsveitinni Sigur Rós sem hann var meðlimur í til sautján ára. Síðustu misserin hefur Kjartan stigið fram á sviðið og samið tónverk undir eigin nafni; kór og kammerverk, tónlist fyrir leikhús, kvikmyndir og myndlistarinnsetningar Ragnars. Verk Kjartans slá einstakan tón og er þessi sýning að miklu leyti innblásin af tónlist hans.

Listahátíð
í Reykjavík



Myndlist: Ragnar Kjartansson | Tónlist: Kjartan Sveinsson

Frumstýnt í lok maí | Sýnt á Stóra sviðinu

Myndrænn dramaturg: Axel Hallkell Jóhannesson | **Dramaturg:** Henning Nass
Hljómsveitarstjóri: Davíð Þór Jónsson | **Hljómsveit:** Deutsches Filmorchester Babelsberg
Málarar: Axel Hallkell Jóhannesson, Ingjaldur Kárason, Lilja Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson, Victor Cilia og Þorvaldur Gröndal

Samstarfsverkefni Borgarleikhússins,
Volksbühne og Listahátíðar í
Reykjavík með stuðningi
Der Hauptstadtkulturfonds Berlin



Ragnar Kjartansson

DER KLANG DER OFFENBARUNG DES GÖTTLICHEN



ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN 2013-2014

KRAFTUR OG MÝKT SEM SNERTIR
VERTU MEÐ Í ÁSKRIFT Á SÝNINGAR ÍD



TÍMAR

OKTÓBER 2013

HELENA JÓNSDÓTTIR

Framsækinn danshöfundur sem skapar sterk, myndræn og falleg verk.

JO STRÖMGREN

Heimspæktur höfundur sem er íslenskum dansunnendum kunnugur fyrir kraftmikil, tæknileg og skemmtileg dansverk.

NORRÆNN ÞRÍLEIKUR

JANÚAR 2014

VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR

Frumlegur ungur danshöfundur sem hlaut Grímuverðlaun 2011 fyrir verkið Eyjaskegg.

LENE BOEL

Áræðinn danskur höfundur sem vinnur með ólíka danstækni, svo sem break, nútímadansi, ballett, akrobatik, svo úr verður ógleymanlegt sjónarspil.

NORRÆNN SÓLÓ**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
OG LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK**

VOR 2014

Samstarf Listahátíðar í Reykjavík og Íslenska dansflokksins er orðið fastur liður í íslensku menningarlífi. Sýning sem enginn dansunnandi má láta fram hjá sér fara.


ÞRJÁR SÝNINGAR Á AÐEINS 8.900 KRÓNUR. ÁSKRIFTARKORT VEITIR 35% AFSLÁTT

Frítt fyrir 9 ára og yngri í fylgd með korthafa á TÍMA OG NORRÆNAN ÞRÍLEIK.

TILBOÐ FYRIR UNGT FÓLK, 25 ÁRA OG YNGRI! TVÆR SÝNINGAR ÍD, TÍMAR OG NORRÆNN ÞRÍLEIKUR Á AÐEINS 4.500 KRÓNUR.

Handhafar áskriftarkorta Borgarleikhússins geta tekið sömu sýningar inn í sitt val.

Tryggðu þér danskort og miða á sýningar Íd hjá miðasölu Borgarleikhússins í síma 5688000. Mundu að skrá netfang þegar þú kaupir áskriftarkort til að missa ekki af sértílbodum til korthafa.

Vertu vinur á Facebook 



**Íslenski
dansflokkurinn**


Er framtíðin okkar?

Á hverju ári útskrifar Listaháskólinn hátt á þriðja tug sviðslistafólks. Þetta fólk slær okkur blíðlega utan undir, því fylgja nýjar hugmyndir og önnur viðhorf. Ef þetta fólk væri ekki til þá myndi leikhúsið deyja út. Við þurfum að hlúa að því. Borgarleikhúsið hefur í gegnum árin kappkostað við að fá vaxtarsprotu inn í húsið, leikara, leikstjóra, höfunda og annað sviðslistafólk. Einn af þessum vaxtarsprotum er Ríkharður Hjartar Magnússon. Við bjóðum hann velkominn.

Par í stormasömu sambandi neyðist til að ákveða hvort það sé tilbúið til þess að ala upp barn. Ungu parið veltir fyrir sér hvort það eigi framtíð saman þrátt fyrir reiði og biturð yfir svikum fortíðarinnar. Ef hvorki er hægt að taka til baka það sem sagt hefur verið né það sem hefur verið gert, er þá hægt að hefja nýtt líf án þess að fyrirgefa?

Anthony Neilson (1967) er tvímælaust eitt magnaðasta samtímaleikskáld Bretlands. Neilson hefur skrifað mikinn fjölda leikrita, gríðarlega ólík að gerð, innihaldi og framsetningu. Meðal verka eftir hann sem flutt hafa verið héraendis má nefna *Penetreitor*, *Ófagra veröld* og *Lík í óskilum*.

Ríkharður Hjartar Magnússon útskrifaðist úr Fræði og framkvæmd við Listaháskóla Íslands vorið 2013. *Saumur* er fyrsta leikstjórnarverkefni hans. Verkið var upphaflega útskriftarverkefni Ríkharðs og vakti mikla athygli en verður nú sýnt í nýrri og endurbættri útgáfu.



Frumskýnt 19. október | Sýnt á Litla sviðinu

Höfundur: Anthony Neilson | Leikstjórn og þýðing: Ríkharður Hjartar Magnússon | Leikmynd: Móeiður Helgadóttir | Hljóðmynd: Páll Ivan frá Eiðum
Leikarar: Hjörtur Jóhann Jónsson og Vala Kristín Eiríksdóttir.

Pétur Blöndal ræðir við Kristínu Marju Baldursdóttur og Tyrfing Tyrfingsson

Leikskáld hússins

Óhætt er að segja að þau séu ólík um margt, ekki aðeins hið augljósa, karl og kona á ólíkum aldri, hann vill kafið svart en hún með „svoltilli mjólk“. Þau stíga líka í sviðsgeislann á ólíkum forsendum.

Kristín Marja Baldursdóttir gegndi stöðu leikskálds Borgarleikhússins á síðasta leikári og hefur löngu sannað sig sem ástsæll rithöfundur. Eins og gilti um forvera hennar Auði Jónsdóttur og Jón Gnarr var val hennar fyrst og fremst hugsað til að kynna henni galdra leikhússins.

Nýverið var tilkynnt að **Tyrfingur Tyrfingsson** tæki við keflinu. Hann hefur menntað sig í leikhúsfraeðum, fyrst í Fræðum og framkvæmd í LHÍ og síðan í meistaranámi í leikritun við Goldsmiths, University College of London. Þá var hann tilnefndur til sprotaverðlauna Grímunnar fyrir verkið *Skúrinn á sléttunni* á nýja sviðinu í vor og *Grande* í Tjarnarbíói sem hlaut jafnframt tilnefningu til Grímunnar sem leikrit ársins.

Bæði verða með ný verk á fjölonum í vetur.

Stéttlaust samfélag

Það liggur blað á borðinu með ljósmynd af leikhópnum í *Ferjunni* eftir Kristínu Marju, en það skrifaði hún meðan hún var leikskáld hússins og bráðum kynnast leikhúsgestir uppskerunni. „Þetta er ansi sniðug uppstilling“, segir hún brosandi en lætur ekkert uppi um söguna eða persónurnar.

„Þetta hefur verið góður tími og mjög athyglisverður“, segir Kristín Marja. „Skemmtilegast fannst mér að kynnast öllum þessum persónum. Ekki aðeins leikurunum heldur öllu starfsfólkinu. Hérna upplifði ég það sem íslenska alþjóðu hefur alltaf dreymt um og telur sér trú um að hún búi við en gerir ekki: Stéttlaust samfélag. Það er eins og allir geri sér grein fyrir að það verður engin sýning nema

hver og einn leggi hönd á plóg.“

Hún hóf störf í fyrravor og hófust æfingar um haustið. „Það var gaman að fylgjast með ferlinu frá fyrstu æfingu að frumsýningu. Þá sveimaði ég um eins og leikhúsdraugur, skaut upp kollinum hér og þar. Ég skrifaði ekki mikið, var meira að skoða og lesa og hverfa inn í sálina. Síðan fór ég að skrifa eftir áramót. Ég var með lítinn kontór á fjórðu hæð og þar var gott að hafa áfðrep. Ég samdi meira heima, lagaði texta og las handrit herna uppi, milli þess sem ég stökk niður.“

Hvað verður um köttinn?

„Ég hef verið á kafi í heimi leikhússins frá því ég var krakki“, segir Tyrfingur. „Fyrir mér snýst staða leikskálds við húsið um að hafa stað til að rannsaka.“

Eins og hendi sé veifað brýst Tyrfingur út úr hefðbundnu samræðuformi.

„Ef við lítum á okkur. Þú ræðir málin við okkur herna í sófunum – það er ekkert sérlega áhugaverð sena. Ef við bætum við frásögn um að þú gætir þess að hafa borð á milli okkar vegna þess að á fundi í gær með Magnúsi Geir [Þórðarsyni leikhússtjóra] varst þú þreyttur eftir erfiða viku og ég óð vaðalinn, það olli pirringi og svo fór að við slógumst. Ég hágrét og missti þvag – af því að ég á erfitt

með að stýra því – og nú sitjum við herna og spjöllum og látum eins og ekkert hafi í skorist. Áhugaverðara, er það ekki? En áhugaverðast væri ef þú stæðir upp og kýldir mig. Þessi ímyndaði áhorfandi okkar sæi eitthvað gerast í fyrsta skiptið. Það myndi vekja viðbrögð hjá áhorfendum. Og þetta er það sem ég fæst við – ég þarf að átta mig á hvernig best er að þróa verkið og velta upp ólíkum hlutum. Hvaða sögu segi ég og hvernig segi ég hana sem best?“

Og hann heldur áfram á svipuðum nótum:

„Ég gæti líka sagt: Pabbi lamdi mömmu, mamma lamdi mig og bíddu bara þar til ég næ í köttinn! Pabbi lamdi mömmu gæti verið fyrirsögn á DV.is, mamma lamdi mig væri kannski skáldsaga, en þetta með köttinn – það er áhugavert. Hvernig ætla ég að ná kettinum? Er þetta kislóra eða heljarinnar högni? Hvernig get ég sett spennu í söguþráðinn? Í bíómynd myndi þetta enda með bílaeltlingaleik þar sem ég keyri eftir kettinum í Hvalfjarðargöngunum, en þess gefst ekki kostur í leikhúsinu. Í þessu felst rannsóknarvinnan.“

Fyrsta verkefni Tyrfings í vetur verður að fylgja eftir æfingum á *Bláskjá*, sem leikhópurinn Óskabörn ógæfunnar setur á svið í samstarfi við Borgarleikhúsið í febrúar. „Svo er ég byrjaður að móta hugmynd að ólíku verki sem ég skrifa formlega fyrir Borgarleikhúsið. Að auki er ég með fleiri hugmyndir sem ég hlakka til að skoða hér í leikhúsinu.“

– Er köttur í verkinu?

„Nei, það er engin kisa. Ekki ennþá.“

Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur var stofnaður árið 2008 með það að markmiði að efla nýsköpun og fjölbreytni í íslensku leikritun, auka vægi leikritunar í samfélaginu og stuðla að því að hún njóti virðingar í samfélagi lista. Formaður stjórnar er Vigdís Finnbogadóttir og með henni í stjórninni eru Brynjólfur Bjarnason og Magnús Geir leikhússtjóri. Við val á fyrstu leikskáldum sjóðsins var horft til listamanna sem höfðu sannað sig á ritvælinum en ekki skrifað fyrir leikhús. Fyrstu leikskáld sjóðsins voru Auður Jónsdóttir, Jón Gnarr og Kristín Marja Baldursdóttir. Nú í haust var Tyrfingur Tyrfingsson ráðinn sem nýtt leikskáld Borgarleikhússins.

Áskriftarkortið mitt



Þær voru æði ólíkar sýningarnar sem ég sá á síðasta leikári. Á Stóra sviðinu var öllu til tjaldað í *Bastörðum*. Hið ágæta *Gullregn* Ragnars Bragasonar á Nýja sviðinu var hins vegar eins og áhrifarík kvikmynd í leikhúsi. En stærstu sýningarnar fara ekki alltaf fram á stærstu sviðunum. *Rautt* var góð áminning um það. Þegar gestir komu í salinn tók á móti þeim ilmurinn af vinnustofu Marks Rothko. Á miðju sviðinu sat stór-leikarinn Jóhann Sigurðarson í hlutverki málarans og reykti. Það eitt og sér hefði kannski verið alveg nóg. *Rautt* er sjón- og hljómræn sýning sem hreyfði við mér. Og þegar yfir lýkur situr maður eftir með spurninguna: Af hverju fer maður ekki oftar í leikhús?

Dagur Hjartarson



Síðasta vetur fór ég óvenju oft í leikhús og ánetjaðist því. Í Borgarleikhúsinu naut ég margra sýninga: *Bastarðar*, *Gulleyjan*, *Gullregn*, *Rautt*, *Blam!*, *Núna!* og *Svar við bréfi Helgu*. Ég var sérstaklega ánægð með að ná einni af síðustu sýningum *Svars við bréfi Helgu*. Bókina þekkti ég vel og því kom það skemmtilega á óvart hvernig andrúmslofti hennar voru gerð skil í magnaðri leiksýningu. Sýningarnar *Blam!* og *Rautt* stóðu þó upp úr. Þetta eru sýningar sem mig langar að sjá aftur og því var ég ánægð að sjá að þær munu dúkka upp á næsta leikári.

Sigurlín Bjarney Gísladóttir



Við vinkonurnar höfum verið með áskriftarkort hjá Borgarleikhúsinu síðan við vorum í menntaskóla og okkur finnst alltaf jafn skemmtilegt að skella okkur í leikhús saman. Í vetur stóð sýningin *Rautt* upp úr. *Gullregn* kom einnig skemmtilega á óvart. Við stöllum biðum þó alltaf spenntast eftir hléi því þá kaupum við okkur kaffibolla og horfum girndaraugum á sörunnar. Við höfum ekki enn látið eftir okkur að kaupa eina, en hver veit, kannski látum við verða af því næsta haust.

Guðrún Baldvinsdóttir

Halla Þórlaug Óskarsdóttir, blaðamaður, spjallaði við fólkíð í leikhúsinu og gesti þess

Lífið í leikhúsinu

Vissir þú að þegar allar ljósarásir Stóra sviðsins eru settar á fullt er orkunotkunin 4800 KW sem samsvarar orkunotkun Neskaupstaðar?

Vissir þú að lagið Vegbúinn með KK var fyrst flutt í uppfærslu Borgarleikhússins á Brúgum reidinnar?

Vissir þú að í *Mary Poppins* eru hröð búningaskipti og þeir leikarar sem mest mæðir á skipta 9 sinnum um búning? Alls eru 237 búningar í sýningunni.



Frum-sýningardagur

Theodór Júlíusson segir frá

Ég legg áherslu á að vera vel hvíldur á frumsýningardag. Fyrri hluta dagsins tek ég því rólega heima við og hugsa lítið um að framundan sé frumsýning. Þegar líður á daginn fer ég í klukkustundar göngutúr um Kársnesið og hugleiði það sem framundan er. Þá þyl ég texta úr sýningunni, bæði minn eigin og mótleikaranna. Göngufólkið sem ég mæti er örugglega hissa á þessum manni sem talar viðstöðulaust við sjálfan sig á göngunni. Eftir kaffibolla er kominn tími til að fara í leikhúsið en ég er ávallt mættur a.m.k. tveimur klukkutímum fyrir frumsýningu. Þar á ég stund með sjálfum mér inni á herbergi og fer svo í búning og förðun sem ég nota sem allsherjar afslóppun. Leikhópurinn hristir sig svo yfirleitt saman á leiksviðinu hálf tíma fyrir sýningu. Eftir samveru með hópnum er ég einn um stund og það síðasta sem ég geri áður en leikurinn hefst er að horfast í augu við sjálfan mig í speglinum og segja: „Stattu þig nú strákur!“

Nýir leikarar

Arnar Dan Kristjánsson og Hildur Berglind Arndal útskrifuðust bæði úr leiklistardeild Listaháskólans í vor. Hvorugt þeirra átti draum um að verða leikari í æsku, heldur kviknaði áhuginn í menntaskóla. Þau ganga nú til liðs við leikarahóp Borgarleikhússins, full eftirvæntingar.

„Mér finnst rosalega gaman að vinna með Kristínu Jóhannesdóttur, leikstjóra. Hún er rosalega fród, góð kona. Töfari en er alltaf til í að hlusta og taka inn.“ segir Hildur. „Manni líður aldrei eins og brúðu, heldur fær maður að vera skapandi listamaður.“ En hvert er draumahlutverkið? „Ég á mér ekkert sérstakt draumahlutverk, nema það sem ég er að vinna þá stundina. Ég vil bara að það sé einhver áskorun í verkefninu sem ég tekst á við.“ segir Hildur en tekur fram að hún hlakki mjög til allra verkefna leikársins og Arnar samsinnir því. „Við fáum bæði mjög spennandi hlutverk í vetur.“ segir Arnar og bætir brosandí við: „Maður er bara *living the*

dream.“ Arnar og Hildur horfa björtum augum fram á veg en ekki er laust við að nokkur tregi fylgi því að yfirgefa Listaháskólann. „Þessi þrjú ár voru ótrúlegur tími. Bæði að skoða sjálfan sig og kynnast öðrum svona náði.“ segir Arnar. „Í æskuuppeldinu sagði mamma mér að hlaupa alltaf í burtu ef ég yrði vitni að slagsmálum. En það gengur ekki í Listaháskólanum. Þú hleypur ekki frá vandamálinum. Þú þarft að hlaupa í þau.“ Þau þegja bæði í stutta stund en Arnar bætir svo hlæjandi við: „Við náttúrulega elskum svona dramatík í leikhúsinu!“

Vissir þú að í Borgarleikhúsinu eru handunnar hárkollur, skegg og bartar sérþaumaðir á leikara og hnýttir úr ekta mannhári... eitt hár í einu?

Hvaðan koma leikmunirnir?

Fínt að vera töframaður

Í leikmunadeildinni eru tveir fastráðnir starfsmenn, Lárus Guðjónsson og Móeiður Helgadóttir en auk þeirra margir lausamenn. „Móa er reynsluboltinn, hún er legendið. Ég reyni að fylgja henni,“ segir Lárus og hlær. Hann er lærdur smiður og atvinnutöframaður, en margir þekkja hann sem Lalla töframann. „Það er dálítið íslenskt lag á þessu hjá okkur, við bara gerum hlutina, jafnvel þó við kunnum það ekki endilega.“

„Það er ýmislegt sem krafist er fyrir sýningarnar. Í fyrra vorum við vinsamlega beðin um að redda asna sem virkaði þannig að þegar eyrunum var ýtt niður kom sígarettan út um rassinn. Þannig voru fyrirmælin,“ segir Lalli. „Við fundum hann á netinu, að lokum.“ Hann segir óskirnar frá leikstjórnunum geti verið æði ólíkar. „Stundum er fullt af einföldum hlutum en stundum örfáir gríðarlega flóknir hlutir. Við höfum smíðað skotvopn, uppstoppuð dýr, dýr sem hreyfast, líkamsparta, sérgerð húsgögn og svo mætti lengi telja.“

Lalli segir megnið af síðasta ári hafa farið í undirbúning fyrir Mary Poppins, enda hafi sýningin verið á Disney-mælikvarða. Hann segir undirbúninginn hafa verið skemmtilegan, þó ýmislegt hafi komið upp. „Ég eyddi til dæmis heillöngum tíma í að búa til alveg geðveikt flottan og stóran lírukassa.“ Hann þagnar um stund. „Svo var bara hætt við hann.“ Hann hlær að þessu atviki, því hann hafði gaman af smíðinni. „Það er í raun ómögulegt að skipuleggja leikmunina í þau fyrir

æfingatímabilið. Leikmunirnir þróaast með sýningunni.“ Í ranghólunum baksviðs í Borgarleikhúsinu eru margar hurðir sem flestar líta eins út. Bak við eina þeirra leynist fjársjóður. Og Lalli er með lykavöld. Að ganga inn í herbergið er dálítið eins og að ganga inn í tímavél sem eitthvað hefur ruglast í ríminu. Þarna eru gamlar fartölvur og skífusimar og borðbúnaður frá ömmu í bland við IKEA-glös frá niunda áratugnum. „Ef það stendur í handritinu að það eigi að vera glös og diskar á sviðinu þá þarf að huga að tímabilinu og umhverfinu. Er þetta heima hjá gamalli konu eða ungu fólki? Á fornöld eða í framtíðinni? Það þurfa að vera til bollastell í öllum mögulegum útfærslum.“

Þrátt fyrir að stundum sé álag í vinnunni segist Lalli vera afar ánægður með starf sitt í leikhúsinu. Hann lætur vel af samstarfsfólki sínu, ekki síst í leikmunadeildinni. „Við erum bara svo skemmtileg, og það er svo gaman í vinnunni, og allir í þessu húsi eru svo hressir og glaðir,“ segir Lalli og brosir.



Vissir þú að Borgarleikhúsið er um 12.000 fermetrar að stærð?



Vissir þú að Vigdís Finnbogadóttir var leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur áður en hún varð forseti lýðveldisins?

Hvað gerir sýningarstjórinn?

Rosalega múltitöskuð

Skælbrosandi kona stormar inn í Almenningsinn, sem er miðpunktur lífsins að tjaldabaki. Þetta er Ingi-björg Bjarnadóttir, betur þekkt sem Immý sýningarstjóri. Hún segist yfirleitt vera með puttana í öllu sem gerist baksviðs í Borgarleikhúsinu. „Ég er rosalega múltitöskuð, sjáðu til,“ bætir hún við og hlær. Og það eru engar ýkjur, eins og samtalið leiddi í ljós.

„Hlutverk sýningarstjóra er í raun eins og starf skipstjórans. Leikstjórinn er leiðtogi fram að frumsýningu en svo fylgir sýningarstjórinn hlutunum eftir. Á æfingartímanum samræmir sýningarstjórinn aðgerðir. Svo sér sýningarstjórinn um að allt gangi smurt, ekki bara baksviðs heldur í salnum líka. Ef það yrði til dæmis eldsvoði þá myndi ég stýra ferlinu sem færi í gang,“ útskýrir hún. „Það er engin smáræðisábyrgð.“ Á Stóra sviði Borgarleikhússins gerist margt fleira en áhorfendum er sýnilegt. Vinstra megin á sviðinu leynist stjórnbörð, sem helst minnir á einhverskonar takkaborð hjá Nasa. Þar er líka stjórnumum stýrt.

„Hér sit ég og fylgist með öllu, ég sé glögglega hvort einhver sé með myndavél. Nú eða tyggjó,“ segir hún og hlær. Leiksýningin sjálf á þó mesta athygli Immýjar. Þar þarf að huga að mörgu og ýmislegt getur komið upp á. „Hringsviðið getur bilað, ljósin slokknad eða flugkerfið festist. Það getur jafnvel gerst að leikarar hreinlega gleyma að mæta á sýningu!“ segir Immý en bætir við að það hafi þó aldrei gerst á hennar vakt. Immý er glöð í starfi og kveðst ekki vera á förum. „Þetta er skemmtilegt starf. Samstarfsfólk mitt er fjölskyldan mín níu mánuði á ári. Hver og einn skiptir máli, segir Immý og bætir brosandi við: „En this is it, hér vil ég vera.“

Fyrsta leikhúsminningin

Ég held að fyrsta leikhúsminningin hafi verið í gamla samkomuhúsinu á Akureyri, ég hef verið 8 ára gömul. Leikritið hét *Súltróllið* eftir Indriða Úlfsson. Ég man eftir því að hafa verið að reyna að útskýra fyrir foreldrum mínum að tróllið hafi alls ekki verið leikari, heldur alvörutróll. Þarna upplifði ég í fyrsta skipti töfrana að fara alveg inn í heim leikhússins og trú á öllu sem ég sá.



Ég fór að sjá *Mary Poppins* og það var rosalega gaman. Ég fór með mömmu, pabba og Sú-sönnu, systur minni. Mér fannst skemmtilegast lagið Súperkalli-fraglístikexpíallidósunum og svo voru allir flinkir að dansa. *Mary Poppins* er mjög skemmtileg af því að hún er barnfóstra sem getur töfrað. Hún er til í alvörunni, ég veit það.

Steinunn Kristín Valtýsdóttir, 4 ára

Margrét Blöndal, útvarpskona



Leikhúsið hefur mér alltaf fundist töfrahöll. Í bernsku minni stóð höllin niður við Tjörn og var kölluð lðnó og þar fór ég í fyrsta sinn í leikhús. Það var gamanleikur sem hét *Húrra krakki* og það var svo mikið undur að þarna var alvöru fólk uppi á leiksviði sem stöðugt var að misskilja allt og var svo fyndið, að maður hafði aldrei séð annað eins. Næst fékk ég að sjá *Fjalla-Eyvind* og það var svo sorglegt að ég fór að gráta. Þá áttaði ég mig á því að leikrit fá mann til að hugsa margt og mikið.

Vigdís Finnbogadóttir

Viltu vita meira?

Nú í vor hleypti Borgarleikhúsið af stokkunum **fræðsludeild** við leikhúsið. Markmiðið er að opna leikhúsið enn frekar fyrir ungu fólki og vekja áhuga sem viðast á töfrum leikhússins. Fræðslustarf Borgarleikhússins er fjölbreytt og snertir flesta aldurshópa.



Skoðunarferðir fyrir almenning

Sem fyrr verður tekið á móti hópum í heimsóknir baksviðs í Borgarleikhúsinu samkvæmt óskum og efnt til umræðna eftir sýningar eins og frekast er unnt. Nú í vetur verður bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða upp á opnar skoðunarferðir fyrir almenning – Að tjaldabaki. Þátttaka í ferðunum er ókeypis og miðast við ákveðinn fjölda, starfsfólk miðasölu tekur við pöntunum í síma 568 8000. Ferðirnar verða sem hér segir:

Sunnudaginn 19. janúar kl. 13:00
Sunnudaginn 16. febrúar kl. 13:00
Sunnudaginn 16. mars kl. 13:00

Námskeið fyrir innflytjendur Workshop for immigrants

Borgarleikhúsið will be holding a theatre workshop for immigrants next season. Participants will develop tools for expression through physicality and language used in a creative way. The workshops will be held from September 11th to April 30th every Wednesday at 18:30. No language skills required. For further information please send an e-mail to aude@borgarleikhus.is

Fræðsludeildin er fyrir þig

Auk skipulagðrar dagskrár kappkostar fræðsludeildin að sinna eftir fremsta megni öllum þeim sem áhuga hafa á að fræðast meira um starfsemi leikhússins. Fræðslufulltrúi leikhússins, **Ástrós Elisdóttir**, svarar öllum spurningum með glöðu geði. Hún er með netfangið astros@borgarleikhus.is.

Fyrirlestraröð í framhaldsskólum

Borgarleikhúsið mun bjóða upp á fyrirlestra í framhaldsskólum um starf leikarans og ferli leikýningar frá fyrstu æfingu fram að frumsýningu.

Námskeið í samstarfi við Endurmenntun

Í tengslum við uppsetningar á *Húsi Bernhördu Alba*, *Hamlet* og *Ferjunni* efnir Endurmenntun HÍ til námskeiða í samstarfi við Borgarleikhúsið. Rýnt verður í verkin, baksvið þeirra og hugarheim auk þess sem þátttakendum verður boðið á æfingar þar sem þeim gefst tækifæri til að hitta aðstandendur sýninga. Skráning hjá Endurmenntun í síma **525 4444** og á www.endurmenntun.is.

Útgáfa fræðsluefnis

Borgarleikhúsið mun gefa út fræðsluefni í tengslum við sýningarnar *Hamlet*, *Furðulegt háttalag hunds* um nótt og *Mýs* og menn.

Opið hús 31. ágúst

Að vanda opnar Borgarleikhúsið dyr sínar þegar líður að hausti, en Opna húsið hefur slegið rækilega í gegn og fest sig í sessi undanfarin ár. Þá er töfraheimur leikhússins opnaður öllum og gestum býðst að sjá brot úr fjölmörgum verkum vetrarins, fara í leiðsöguferðir og kynnast starfsemi náði. Opið hús Borgarleikhússins í ár verður laugardaginn 31. ágúst kl. 13-16.



Leikhúsheimsóknir grunnskólabarna

Ár hvert verður öllum börnum í 5. bekkjum grunnskóla Reykjavíkur boðið í heimsókn heilan morgun þar sem tækifæri gefst til að skoða leikhúsið, sjá leikýningu og taka þátt í leiksmiðu. Að þessu sinni verður börnunum boðið að sjá *Hamlet litla*.

Undraveröld leikhússins fyrir leikskólana

Víkuna 21.-25. október verður börnum úr leikskólum borgarinnar boðið í Borgarleikhúsið þar sem undraveröld leikhússins verður könnuð, ýmsar leikhúsbrellur sýndar og hinar og þessar kynjaverur skjóta upp kollinum.

Leikhúsfarð til London

Wow-ferðir og Borgarleikhúsið bjóða spennandi leikhúsfarð til leikhúsborgarinnar London dagana 5.-8. desember þegar borgin er komin í jólaftöin. Farið verður á tvær leikýningar, annars vegar einn heitasta söngleikinn í dag, *The Book of Mormon* og hins vegar leikýningu sem ákveðin verður þegar viðbrögð hafa fengist við frumsýningum haustsins. Hópurinn borðar saman eitt kvöldið og þátttakendum býðst að fara í skoðunarferð um borgina. Leiðsögumaður er **Magnús Geir Þórðarson**, leikhússtjóri Borgarleikhússins.

Fimmtudaginn 5. desember: Flogið út að morgni frá Keflavík kl. 07:15
Föstudaginn 6. desember: Skoðunarferð um borgina. Leikhúsfarð
Laugardaginn 7. desember: Leikhúsfarð
Sunnudaginn 8. desember: Flogið heim frá Gatwick kl. 20:40

Innifalið: Flug með sköttum, töskugjald, gisting á fjögurra stjörnu hóteli, Park Plaza River Bank með morgunverði. Fyrir kortagesti Borgarleikhússins kostar ferðin **87.900 kr.** en almennt verð er **94.900 kr.** Greitt er sérstaklega fyrir leikhúsfarðir og skoðunarferð. Nánari upplýsingar: lilja@wowtravel.is / 590 3000.

Pörupiltar á kafi í kynlífi

Pörupiltarnir eru mættir aftur og nú ætla þeir að kafa ofan í kynlífið. Þeir ætla að bjóða fyrstu bekkjum framhaldsskóla á uppistand um það sem allir eru að spá í. Síðastliðna tvo vetur hafa þeir troðið upp með uppistand og velt fyrir sér samskiptum kynjanna við góðan orðstír. Sigga Dögg kynlífsfræðingur verður piltunum til halds og trausts svo allt endi ekki í vitleysu.

Pörupiltar eru leikkonurnar Alexía Björg Jóhannsdóttir, María Pálsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir. Verkefnið er styrkt af Hlaðvarpanum, Samfélagssjóði LSB og Sprotasjóði í samvinnu við Kvinnaskólann.



Kortagestir fá 7000 kr. afslátt

Veitingasala



Fullkomnaðu leikhúsupplifunina og njóttu gómsætra rétta frá veitingahúsinu Portinu fyrir sýningu eða í hléi. Pantaðu hjá okkur áður en þú kemur í leikhúsið og þú gengur að veitingunum vísum á merktu borði.



Diskurinn er kominn!

Það hefur rignt yfir okkur í Borgarleikhúsinu fyrirspurnum um disk með tónlistinni úr *Mary Poppins* og nú er hann loksins fáanlegur í miðasöluinni og fjölmörgum verslunum. Einnig má finna ýmsan varning tengdan sýningunni, til dæmis regnhlífar, boli, plaköt, nótur og töskur.

Veislur og skoðunarferðir

Gerðu kvöldið enn eftirminnilegra. Við tökum vel á móti hópum sem eru að koma í leikhúsið og töfrum fram sannkallaðar leikhúsvæslur fyrir sýningu í forsal Borgarleikhússins. Við sníðum stærð og umfang veislnnar að þörfum hópsins og bjóðum allt frá standandi veislum yfir í margréttaðar veislur. Sendu okkur línu á midasala@borgarleikhus.is og við gerum kvöldið ógleymanlegt. Fyrir forvitna má líka panta skoðunarferðir um Borgarleikhúsið.

Diskar, bækur og bolir

Borgarleikhúsið býður upp á ýmsa skemmtilega muni sem tengjast sýningum leikhússins og oft getum við boðið mun betri kjör en annars staðar. Meðal þess sem má finna er tónlistin úr *Jeppa á Fjalli* ný útgáfa af bókinni *Furðulegt háttalag hunds um nótt*, geisladiskar með *Skálmöld*, leikhúskonfekt og ótalmargt fleira.



Sönglist - fyrir fríska krakka

Námskeiðin hjá söng- og leiklistarskólanum *Sönglist* hafa notið mikilla vinsælda. Í *Sönglist* hafa margir krakkar smitast af leiklistarbakteríunni og fengið tækifæri til að spreyta sig á sviði. Nemendur skólans eru á aldrinum 7 til 16 ára og fá vandaða söng- og leikþjálfun hjá menntuðum kennurum. Vetrarnámskeið hefst í september og standa í 12 vikur hvert. **Nánar á www.songlist.is.**

Vertu fyrstur til að fá fréttirnar

Þeir sem skrá sig á borgarleikhus.is á póstlista geta átt von á **góðum tilboðum** og eru fyrstur til að fá allar fréttir. Borgarleikhúsið er einnig mjög virkt á samfélagsmiðlum eins og **Facebook** og **Instagram**. Þar gefst þér tækifæri til að skyggjast bak við tjöldin og vera í beinu sambandi við leikhúsið.




Gjöf sem lifnar við

Þú getur keypt **Gjafakort** í miðasölu Borgarleikhússins, vef Borgarleikhússins, borgarleikhus.is og á þjónustuborði Kringlunnar. Áskriftargestir Borgarleikhússins fá kortin með sérstökum afslætti.

Gott aðgengi

Borgarleikhúsið býður upp á gott aðgengi fyrir hjólastóla og pláss fyrir hjólastóla í áhorfendasölum. Hægt er að komast beint inn í húsið frá bílastæðum við Kringluna og fyrir framan leikhúsið. Salerni fyrir fatlaða er staðsett við bar í forsal. Einnig vekjum við athygli á að salir Stóra og Litla sviðsins eru búnir tónmóskvum. Þessi tækni gerir notendum heyrnartækja, sem hafa sérstaka móttakara fyrir tónmóskvasendingar (T-spólu), kleift að heyra betur það sem fram fer á sviðinu. **Athugið að kaupa miða í ákveðin sæti, ef nota á tónmóskvann.**

Máttarstólpar Borgarleikhússins



Borgarleikhúsið er rekið með sérstökum rekstrarsamningi við Reykjavíkurborg. Jafnframt gerir **ómetanlegur stuðningur** nokkurra **öflugustu fyrirtækja landsins** okkur kleift að halda áfram að bjóða landsmönnum upp á **kraftmikið og skapandi leikhús**. Fyrir það erum við afar þakklát.



Vertu með í áskrift!

Fjórar sýningar á aðeins 13.900 kr.



Með áskriftarkorti færð þú:

- 30% afslátt af miðaverði
- Öruggt sæti á þær leik- og danssýningar sem þig langar að sjá
- Betri kjör á gjafakortum og viðbótarmiðum
- Afslátt af varningi sem seldur er í miðasölu
- Góða þjónustu miðasölu sem reynir að hliðra til sýningardagsetningum ef þær henta þér ekki



Áskrift á aðeins 9.000 kr. fyrir ungt fólk

25 ára og yngri fá áskriftarkort á kostakjörum, aðeins 9.000 kr. fyrir 4 sýningar að eigin vali.

Við sendum þér SMS!

Ekki hafa áhyggjur af því að gleyma hvenær þú átt miða í leikhúsið. Við látum þig vita með SMS. Mundu bara að skrá GSM símanúmerið þitt þegar þú gengur frá áskriftinni.



Þrjár góðar leiðir til að nálgast áskriftarkort:

Í miðasölu 568 8000

Komdu í heimsókn í leikhúsið við Listabraut. Við tökum vel á móti þér!

Þú hringir í okkur, gengur frá kaupunum og færð kortið sent heim.

Á vefnum



Á borgarleikhus.is er einfalt að ganga frá áskrift og þú færð kortið sent heim.



Borgarleikhúsið



Veldu núna!



Töfrandi ferðalag
í allan vetur



Leiðin liggur í Borgarleikhúsið!

Áskriftarkort veitir **30% afslátt**

4 sýningar á aðeins **13.900 kr.**

Pú kaupir áskriftarkort og velur **fjórar sýningar** sem þú vilt sjá.
Ef það nægir ekki þá færðu þér bara **annað kort** og velur fleiri af
þeim fjölmörgu sýningum sem verða á fjölonum í vetur.

Hringdu í síma **568 8000**, farðu á borgarleikhus.is eða kíktu við
í miðasölu Borgarleikhússins við Listabraut.

Áskriftarkort
fyrir 25 ára og yngri
9.000 kr.



Borgarleikhúsið



Skálmöld
BALDUR

